

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Úr tollnúmeri:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar 65 mm og stærri	01.07.-30.09.03	ótilgr.	0	0
<i>Tollnúmer:</i>					
0701.9000	Kartöflur, aðrar	01.07.-14.09.03	ótilgr.	0	0
0701.9000	Kartöflur, aðrar	15.09.-30.09.03	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-30.09.03	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	01.07.-06.07.03	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	07.07.-13.07.03	ótilgr.	0	88
0704.1000	Blómkál	14.07.-20.07.03	ótilgr.	0	132
0704.1000	Blómkál	21.07.-30.09.03	ótilgr.	0	176
0704.9001	Hvítkál	01.07.-20.07.03	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	21.07.-27.07.03	ótilgr.	0	40
0704.9001	Hvítkál	28.07.-30.09.03	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.07.-30.09.03	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	30.06.-30.09.03	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	01.07.-13.07.03	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál	14.07.-20.07.03	ótilgr.	0	141
0704.9004	Spergilkál	21.07.-27.07.03	ótilgr.	0	197
0704.9004	Spergilkál	27.07.-30.09.03	ótilgr.	0	282
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-27.07.03	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	28.07.-03.08.03	ótilgr.	0	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	04.08.-30.09.03	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.07.-30.09.03	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.07.-30.09.03	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-27.07.03	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	28.07.-03.08.03	ótilgr.	0	83
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	04.08.-10.08.03	ótilgr.	0	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	11.08.-30.09.03	ótilgr.	0	193
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.03	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. september 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 2003.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Sigríður Nordmann.*